

Þriðjudaginn 28. október 1980.

Nr. 127/1978. **James B. Campbell**
 (Brynjólfur Kjartansson hrl.)
 gegn
Ingu Arnórsdóttur
 (Skúli Pálsson hrl.).

Óvígð sambúð. Kaupkrafa. Vextir. Lögöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Þá krefst hann þess, að felld verði niður kyrrsetning bifreiðarinnar JO 7287.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að vextir verði 13% ársvextir frá 1. febrúar 1977 til 5. apríl 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, James B. Campbell, greiði stefndu, Ingu Arnórsdóttur, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 17. mars sl., höfðaði Inga Arnórsdóttir, Einarsnesi 12, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. apríl 1977, gegn James B. Campbell, Keflavíkurflugvelli B.O.Q., en með aðsetri að Hjálmholti 8, Reykjavík, til greiðslu á ráðskonukaupi að fjárhæð kr. 2.053.730 auk 13% ársvaxta frá 15. ágúst 1970 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins. Auk þess er krafist staðfestingar á lögaldsgerð þeirri, sem fram fór 14. apríl 1977.

Stefndi hefur gert þá kröfu aðallega að verða algerlega sýknadur af kröfum stefnanda og hrundið verði löghaldi í bifreiðinni JO 7287, en til vara, að fjárfrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins auk kostnaðar við löghaldsgerðina.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt, bæði vaxtafjárhæð og upphafstíma vaxta. Jafnframt var því lýst yfir, að stefndi hefði ekki haft útlagðan kostnað vegna löghaldsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Lagðar hafa verið fram aðiljaskýrslur beggja málsaðilja. Einnig hafa aðiljar verið yfirheyrðir hér fyrir dómi vegna málsins svo og sonur stefnanda, Einar Sigurjónsson. Í skýrslum þessum er fjallað um ýmislegt, sem ekki þykir skipta máli við niðurstöðu þessa máls, sem höfðað er til greiðslu ráðskonukaups. Rétt þykir að rekja það helsta, sem máli þykir skipta.

Fram kom hjá stefnanda, að kunningssskapur aðilja hafi hafist í júlí 1970. Á þeim tíma hafi stefnandi átt eigin íbúð og þar hafi stefndi verið öllum stundum, þegar hann gat. Ekki hafi verið um fjárhagslega samstöðu að ræða með málsaðiljum, fyrr en eftir að sambúð hófst, en það hafi verið í júlí 1971. Sambúð málsaðilja hafi verið óslitin allan sambúðartímann. en þau hafi búið á ýmsum stöðum í Reykjavík, fyrst að Melhaga 5, síðar að Sæviðarsundi 92, en lengst af hafi þau búið að Einarsnesi 12.

Allan sambúðartímann hafi málsaðiljar búið í leiguhúsnæði. Stefndi hafi ekki farið endanlega af heimili þeirra fyrr en í febrúar 1977.

Aðiljar hafi báðir unnið utan heimilis og því haft ágæt efni. Stefndi hafi að mestu séð um húsaleigugreiðslur, stefnandi hafi borgað rafmagn og hita, og síma hafði stefnandi frían. Annað hafi verið eftir því, hvernig stóð á hjá hvorum aðilja í það og það skiptið. Fyrir utan vinnu stefnanda hjá talsambandi við útlönd hafi stefnandi unnið þau störf, sem heimilið krafðist. Stefndi hafi unnið í Keflavík, en komið heim á hverju kvöldi og borðað kvöldmat heima. Stefnandi eigi 5 börn, tvö þeirra hafi dvalið á sameiginlegu heimili málsaðilja. Eldri börnin hafi verið í menntaskóla á Akureyri og Ísafirði, þau hafi ekki verið á framfæri stefnanda. Yngri börnin tvö, sem dvöldu á heimili aðilja, hafi greitt heim með sér 15% af þeim tekjum, sem þau öfluðu. Stefndi hafi ekki gefið börnum stefnanda peninga, allra síst þeim eldri, sem aldrei hafi búið á sameiginlegu heimili málsaðilja. Stefndi hafi gefið þeim afmælis- og jólagjafir og hafi þar verið um gagnkvæmni að ræða. Það, að stefndi krafðist þess, að börnin greiddu heim með sér, sýni, að hann hafi ekki talið eðlilegt að gefa þeim peninga beint. Hitt sé annað mál, að hér hafi verið um eðlilegt fjölskyldulíf að ræða og hafi því verið þegnar og gefnar gjafir á báða bóga.

Á sambúðartímanum hafi verið farið í sumarfrí og þá oft erlendis. Stefndi hafi jafnan haft mestan kostnað af ferðum þessum, en stefnandi þó alltaf einhvern og hafi það m. a. komið af því, að stefndi hafi fengið laun sín greidd í gjaldeyri og hafi því ekki verið háður neinum takmörkunum auk ríflegri tekna.

Stefnandi vildi ekki gera lítið úr framlagi stefnda til heimilisins, en benti á, að hér hefði verið um tvo tekjugæfa einstaklinga að ræða, en ekki einn, og fullyrðingum stefnda um, að hér hafi verið um hreinan fjárhagslegan ávinning stefnanda að ræða, vísaði stefnandi á bug. Hér hafi einungis verið um sambúð tveggja aðilja að ræða, sem hafi lagt sitt af mörkum til sameiginlegs heimilis. Er sambúð hófst, hafi stefnandi búið í eigin húsnæði, en eftir sambúðarslit sé stefnandi leigjandi og bendi það til þess, að efni stefnanda hafi rýrnað verulega á tímabilinu. Fyrir hluta af andvirði íbúðarinnar hafi stefnandi keypt bifreið af Fiat gerð, árgerð 1973. Stefnandi hafi selt hluta af eldra innbúi sínu til endurnýjunar og hafi stefnandi keypt flest þau húsgögn og húsbúnað, sem til var. Borðstofuhúsgögn og teppi hafi þau keypt

saman, þannig að þau hafi skipt til helminga útborgun, en afganginn hafi stefnandi séð algerlega um. Teppin hafi gengið upp í húsaleigu, þar sem aðiljar bjuggu síðast. Stefnandi hafi greitt húsaleigu fram í miðjan mars. Stefnandi hafi verið að greiða afborganir af teppunum þangað til í júlí. Teppi í húsinu, gardínur og rúllugardínur hafi verið metið á kr. 160 þúsund og hafi hluti af því gengið upp í húsaleigu, en húseigandi hafi borgað stefnanda kr. 90.000.

Þá er stefndi hvarf af sameiginlegu heimili málsaðilja í janúar 1977, hafi hann sagst koma aftur, en einhver umbrot væru í honum og hann þyrfti umbóttunartíma. Stefnandi hafi farið með allt persónulegt dót sitt af heimilinu, bæði húsbúnað og muni, en aðeins skilið eftir það, sem hann hafi talið sér óviðkomandi.

Í skýrslu stefnda kemur fram, að sambúð stefnanda og stefnda hafi hafist í júlí 1971 og hafi hún staðið fram í byrjun janúarmánaðar 1977. Allan sambúðartímann hafi búið á heimilinu tvö börn stefnanda. Stefnandi hafi allan sambúðartímann verið leigutaki og greitt húsaleigu og hafi stefnandi engin útgjöld haft af þeim sökum. Stefnandi hafi greitt rafmagn, hita og síma. Kostnaði við matarkaup og annað hafi málsaðiljar skipt á milli sín. Eftir að upp úr sambúð slitnaði í byrjun janúar 1977, hafi stefndi greitt janúar-, febrúar- og marsleigu fyrir Einarsnes 12. Auk leigugreiðslna skv. framanskráðu hafi stefndi greitt stefnanda á tímabilinu janúar til mars kr. 68.000 að beiðni stefnanda. Auk allra leigugreiðslna á sambúðartímanum hafi stefndi greitt verulegar fjárhæðir á ári hverju beint til stefnanda og barna hennar. Fjárhæðir þessar hafi verið notaðar til heimilishaldsins og persónulegra þarfa þeirra.

Málsaðiljar hafi farið utan í sumarleyfum á hverju ári allan sambúðartímann og hafi stefndi staðið undir a. m. k. 75% af öllum kostnaði við þessar ferðir, ef ekki meira.

Þegar sambúð hófst, hafi stefnandi verið búinn að selja 80 m² kjallaraíbúð að Hofsvallagötu 61, Reykjavík. Sala þessi hafi farið fram án afskipta stefnda og hafi stefnandi ráðstafað andvirði íbúðarinnar á eigin spýtur og í eigin þágu, að því er stefndi telur að nokkru til greiðslu skulda og að nokkru til námsaðstoðar barna sinna og framfærslu þeirra, en stefnandi eigi fimm börn.

Stefndi hafi á sambúðartímanum haft mjög góðar launatekjur, sem til skamms tíma hafi verið skattfrjálsar. Þessar tekjur hafi nánast allar farið í sambúð málsaðilja með þeirri undantekningu, að stefndi hafi í ársbyrjun 1976 keypt bifreið af gerðinni Range

Rover, sem sé eina fjárfesting stefnda á sambúðartímanum þrátt fyrir mikil fjárráð. Þessi kaup hafi hins vegar ekki verið möguleg nema með lántöku upp á tæplega 3.000 dollara. Einnig hafi stefndi greitt \$ 800 greiðslu í flugvél.

Þrátt fyrir þá verðmætamyndun, sem stefndi hafi átt hlut að í sambúðinni, t. d. að því er varðar innbú, þá hafi stefndi ekki gert við sambúðarslit kröfu til eins eða neins nema persónulegra muna sinna, sem stefnandi hafi ekki einu sinni viljað láta af hendi.

Vinnuframlag stefnanda til heimilisins og í þágu stefnda hafi auðvitað takmarkast af því, að hún hafi unnið úti í vaktavinnu. Enn fremur hafi hún að sjálfsögðu haldið heimili fyrir börn sín tvö, sem henni hafi borið skylda til.

Af hálfu stefnda hafa verið lagðar fram ávísanir stílaðar á börn stefnanda. Þess vegna var stefndi spurður að því, hvort hann hefði ekki afhent börnum stefnanda ávísanir fyrir ýmsum fjárhæðum í þeim tilgangi, að þau leystu þær út og keyptu ýmislegt fyrir stefnda persónulega eða leystu mál, sem hann hafi ekki haft tíma til vegna veru sinnar á Keflavíkurflugvelli. Stefndi svaraði því til, að það kunnist vera á fjögurra ára tímabili, að svo hafi verið, en í flestum tilfellum þá hafi féð verið notað til þess að reka húsið. Stefndi var sérstaklega spurður um ávísun á dskj. nr. 29 og þá hvort þessi ávísun hefði verið fyrir varahlutum í bifreið stefnda. Stefndi sagði það mögulegt, en kvaðst ekki muna það. Aðspurður kvaðst stefndi ekki muna eftir ávísun á dskj. nr. 33, en sagði það mögulegt, að þessi ávísun væri vegna kostnaðar við gæsaskytteri stefnda og Einars Sigurjónssonar. Stefndi var spurður um ávísun á dskj. nr. 58, sem er framseld af Sturlu Sigurjónssyni og Gleraugnaversluninni Fókus, og þá hvort þarna væri um að ræða ávísun, sem stefndi hefði afhent Sturlu til þess að greiða gleraugnaviðgerð fyrir stefnda. Stefndi kvaðst ekki muna það, en benti á, að hann hefði venjulega látið gera við gleraugu hjá versluninni Optik.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í ágúst 1970 hafi stofnast til óvígðrar sambúðar milli stefnanda og stefnda. Upp úr sambúð þeirra hafi slitnað 1. febrúar 1977, en þá hafi stefndi horfið brott frá sameiginlegu heimili þeirra. Á sambúðartímanum hafi aðiljar leigt húsnæði á ýmsum stöðum í Reykjavík, en þó lengst af í Einarsnesi 12, eða í u. þ. b. 4 ár. Á heimili þeirra hafi

allan sambúðartímann verið tvö yngstu börn stefnanda. Á sambúðartímanum hafi stefnandi jafnan unnið úti við talsambandið við útlönd og fyrir umtalsverðum tekjum.

Stefndi sé bandarískur ríkisborgari, starfsmaður fyrir Lockheed flugvélaverksmiðjurnar á Íslandi, og sé hann ekki hermaður, heldur borgaralegur starfsmaður. Um atvinnutekjur stefnda séu ekki til upplýsingar í skattframtölum, en hann hafi slasast árið 1972 og sé að finna upplýsingar um vinnutekjur hans í dómi héraðsdóms og Hæstaréttar í því slysamáli og muni sá dómur lagður fram síðar. Þar komi fram, að tekjur, sem stefndi hafi haft, nemi allt að þreföldum tekjum stefnanda.

Um algert sambýli hafi verið að ræða allan sambýlistímann og engar launagreiðslur hafi verið um að ræða frá hendi stefnda til stefnanda. Þessu til stuðnings er þess getið, að árið 1973 hafi sambúðarfólkið lýst yfir trúlofun sinni, sem hafi leitt til þess, að stefnandi hafi ekki tryggt betur hagsmuni sína, þar sem vænta mátti eftirfarandi giftingar. Á sambýlistímanum hafi stefnandi unnið öll venjuleg húsmóðurstörf á sameiginlegu heimili aðiljanna auk þess sem hún hafi unnið úti. Hér sé því um að ræða kröfu á svokölluðu ráðskonukaupi fyrir þá vinnu, sem stefnandi hafi þurft að inna af hendi í þágu stefnda í sjö ár.

Að því er kröfugerð varðar er vísað til framlagðs útreiknings á verðmæti ráðskonukaups til handa stefnanda, dags. 3. apríl 1977, en útreikning þennan hafi Þórir Bergsson, cand. act., annast og sé hann á dskj. nr. 4. Af þessum útreikningi sé ljóst, að stefnandi hafi jafnan unnið fyrir tekjum, sem nægt hefðu henni og börnum þeim, sem dvöldu á heimili aðiljanna, til framfærslu og hafi stefnandi ekki þurft að leita til stefnda um framfærslueyri þess vegna. Stefnandi hafi jafnan greitt af eigin tekjum afnotagjald síma, hita og rafmagns.

Að því er varðar eignir stefnanda í upphafi sambúðartímans og hvernig eignir hennar rýrnuðu á sambúðartímanum vísist til dskj. nr. 4, bls. 3, en andvirði þeirra eigna, sem seldar voru, hafi runnið til sameiginlegs heimilishalds aðiljanna, eins og um hjónaband væri að ræða. Þá er einnig vísað til útreikningsins um vinnutekjur stefnda á þessu tímabili.

Rétt sinn til umkrafðra greiðslna byggir stefnandi á víðtækri dómvenju um greiðslu ráðskonulauna, þegar slitni upp úr óvígðri sambúð. Í því sambandi er vísað til fjölmargra hæstaréttardóma um þetta efni og til greinar Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns í Úlfjóti, 4. töl. 1970, „Réttarstaða karls og konu, er búa

saman í óvígðri sambúð“. Það sé óumdeilanlega orðin íslensk réttarregla, sem byggist á dómsúrlausnum, að konur eigi rétt til umbunar fyrir þau störf, sem þær með húshaldi vinna á sameiginlegu heimili sínu og sambýlismanns.

Við munnlegan máflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að raunhæf sambúð hafi hafist í júlí 1971 og staðið til 1. febrúar 1977. Lögmaður stefnanda taldi samt ekki ástæðu til þess að lækka kröfu sína frá því, sem greinir í stefnu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í júlímánuði 1971 hafi stefnandi ásamt tveimur börnum sínum flutt inn til stefnda í íbúð þá, er stefndi hafi haft á leigu á þeim tíma að Melhaga 5 í Reykjavík. Áður eða um svipað leyti hafi stefnandi gert ráðstafanir til þess að selja eign sína, 2 herbergja kjallaraíbúð að Hofsvallagötu 61. Sambúð aðilja hafi staðið til janúarloka 1977 á ýmsum stöðum í bænum, ávallt í leiguhúsnæði á kostnað stefnda. Frá samvistarslitum um miðjan janúar 1977 til og með apríl 1977 hafi stefndi greitt leigu fyrir húsnæði það, er stefnandi hafi búið í að Einarsnesi 12. Síðasta greiðsla stefnda til framfærslu heimilisins, kr. 30.000, hafi farið fram 3. mars 1977. Allan sambúðartímann hafi verið á heimili aðilja tvö yngstu börn stefnanda, sem stefnandi hafi haldið heimili fyrir auk stefnda að svo miklu leyti sem slíkt hafi verið unnt vegna útivinnu stefnanda allt sambúðartímabilið.

Stefndi hafi að verulegu leyti tekið þátt í kostnaði við heimilishald auk leigu, t. d. vegna matarinnkaupa svo og að nokkru vegna rafmagns, síma og hita, auk þess hafi stefndi hlaupið undir bagga með peningagreiðslur til barna stefnanda. Stefndi hafi að mestu leyti greitt sumarleyfisferðir aðilja erlendis, sem farnar voru árlega sambúðartímann og hafi að jafnaði staðið í hálfan mánuð. Um beinar launagreiðslur til stefnanda utan ýmiss konar gjafa, svo sem skartgripa, loðkápu o. fl., hafi ekki verið að ræða á sambúðartímanum. Stefndi hafi við upphaf sambúðartímans verið eigandi að tveggja herbergja kjallaraíbúð, sem hún hafi selt um það leyti. Andvirði íbúðarinnar hafi runnið til eigin neyslu hennar og barna hennar, bifreiðakaupa hennar svo og til kaupa á húsgögnum og innbúi, er hún hafi haldið eftir við sambúðarslit.

Sýknukrafa stefnda er á því reist, að stefnandi eigi ekki kröfur á hendur stefnda umfram það, er stefnandi hafi þegar fengið beint eða óbeint í sambúð aðilja, enda takmarkist dómvenja sú, er stefnandi byggi fjárkröfu sína á, verulega á eftirfarandi sjónar-

miðum skv. úrlausnum íslenskra dómstóla og með hliðsjón af atvikum þessa máls:

1. Stefnandi geti ekki krafist ráðskonukaups fyrir þá vinnu, sem henni hafi hvort sem er borið, og burt séð frá sambúð, skylda til að vinna sem foreldri tveggja barna á heimili aðilja, sbr. t. d. bæjarþingsdóm í málinu nr. 6862/1975 í Reykjavík.

2. Auk ofangreinds hafi vinna stefnanda í þágu stefnda takmarkast af því, að stefnandi hafi sjálf unnið fulla vinnu úti.

3. Frá kröfu stefnanda hljóti að dragast húsnæðishlunnindi hennar og barna hennar allan sambúðartímann auk gjafa til stefnanda og annarra framlaga stefnda til stefnanda og barna hennar umfram hlutfallslega þátttöku stefnda í kostnaði af sameiginlegu heimilishaldi.

4. Verulegar árstekjur stefnda á sambúðartímanum leiði líkur að því, að stefnandi og börn hennar hafi þar notið góðs af, enda verði að draga stórlega í efa, að tekjur stefnanda og barna hennar skv. framlögðum skattframtölum hefðu einar nægt til framfærslu þeirra, sé miðað við umsvif stefnanda á sambúðartímanum. Hins vegar eigi stefnandi engan sérstakan rétt fremur en ella á ráðskonukaupi af þeirri ástæðu einni, að stefndi hafi verið tekjuhár maður.

5. Andvirði íbúðar stefnanda hafi runnið eingöngu til stefnanda sjálfrar og barna hennar, svo sem áður er rakið, og er því mótmælt, að eignir stefnanda hafi rýrnað á sambúðartímanum.

6. Útreikningum tryggingafræðings, sem stefnandi reisi fjárhæð kröfu sinnar á, er alfarið mótmælt sem villandi og röngum, enda sé þar að mjög litlu leyti tekið tillit til ofangreindra sjónarmiða auk þess sem dómvenja liggja til grundvallar því, að ekki sé miðað við útreikninga tryggingafræðinga, þegar ákvarðað sé ráðskonukaup, sbr. Hrd. nr. 40/1969, bls. 92.

7. Sambúðartími aðilja sé nánast ári styttri en stefnandi vilji vera láta í greinargerð sinni og útreikningar tryggingafræðings miðist við.

8. Sjónarmiðum stefnanda í greinargerð um þýðingu trúlofunar aðilja fyrir fjórum árum sé eindregið vísað á bug. Þá er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sem of hárra auk þess sem dregið er í efa, að lögaldsgerð sú, er fram fór þann 14. apríl 1977, hafi verið nauðsynleg til að tryggja hagsmuni stefnanda í þessu máli.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt, bæði vaxtafjárhæð og upphafstíma vaxta.

Álit dómsins.

Fram er komið, að sambúð málsaðilja hófst í júlí 1971 og að henni lauk í janúar 1977, þannig að sambúðartíminn er nánast ári styttri en segir í stefnu. Málið er höfðað til greiðslu ráðskonukaups eingöngu. Þar af leiðandi skiptir ekki máli það, sem fram hefur komið undir rekstri málsins um húsgagna-, bíla- og flugvélakaup.

Eftir því sem fram er komið undir rekstri málsins, virðast ekki hafa verið glögg skil á milli þess, sem hvor aðili greiddi af sameiginlegum útgjöldum heimilisins. Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið um fjárframlög hvors aðilja um sig, þá þykir það ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa, þótt stefndi hafi greitt meiri hluta af kostnaði við utanlandsferðir aðilja, enda er ekkert komið fram um, að ferðakostnaður hafi verið skilyrðum bundinn. Gjafir aðilja þykja ekki skipta máli, enda virðast gjafir hafa verið gefnar á báða bóga.

Allan sambúðartímann voru á heimili aðilja tvö yngstu börn stefnanda, en stefnandi á fimm börn. Allan sambúðartímann vann stefnandi hjá talsambandi við útlönd. Auk launatekna sinna naut stefnandi bóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, og verður því við það miðað, að stefnandi hafi séð um framfærslu barna þeirra, sem á heimilinu voru. Fullyrðingar um framlög stefnda til barna stefnanda eru ósannaðar. Sama er um fjárhagslegan ávinning stefnanda, enda er því haldið fram af hálfu stefnda, að andvirði íbúðar stefnanda hafi runnið eingöngu til stefnanda og barna stefnanda.

Málsaðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi unnið öll venjuleg heimilisstörf allan sambúðartímann. Enda þótt stefnandi hafi einnig haldið heimili fyrir börnin tvö, sem á heimilinu voru, þykir stefnandi eiga rétt á nokkurri þóknun úr hendi stefnda fyrir störf stefnanda í þágu stefnda á sambúðartímanum. Hins vegar þykir eigi unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun á þessum launum til handa stefnanda vegna þeirrar dómvenju, sem myndast hefur hér á landi í slíkum málum sem þessum. Við ákvörðun launa stefnanda þykir gegn andmælum stefnda ekki verða litið fram hjá því, að stefndi virðist hafa haft meiri kostnað af húsnæði málsaðilja, þar sem hann hafi greitt húsaleigu, en stefnandi rafmagn, hita og síma, a. m. k. virðist þetta hafa verið meginregla. Þegar til þessa alls er litið, þykja vangoldin laun stefnanda fyrir störf í þágu stefnda hæfi-

lega ákveðin kr. 700.000 með 13% ársvöxtum frá 1. febrúar 1977 til greiðsludags.

Löghald það, sem gert var 14. apríl 1977 í bifreið stefnanda, JO 7287, árgerð 1976, er staðfest.

Málskostnaður, þar með talinn löghaldskostnaður, ákveðst kr. 190.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, James B. Campbell, greiði stefnanda, Ingu Arnórsdóttur, kr. 700.000 með 13% ársvöxtum frá 1. febrúar 1977 til greiðsludags og kr. 190.000 í málskostnað, þar með talinn löghaldskostnaður, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghald það, sem gert var 14. apríl 1977 í bifreið stefnanda, JO 7287, Range Rover, árgerð 1976, er staðfest.

Löghaldsgerð fúgetaréttar Keflavíkurflugvallar 14. apríl 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 14. apríl, kl. 11, var fúgetaréttur Keflavíkurflugvallar settur í dómsal embættisins og haldinn af Ólafi í. Hannessyni við undirritaða votta. Fyrir var tekið: Beiðni um löghald á eignum James B. Campbell.

Fyrir hönd gerðarbeiðanda, Ingu Arnórsdóttur, mætir Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður og leggur hann fram, þingmerkt sem dskj. nr. 1, löghaldsbeiðni.

Gerðarþoli er mættur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir kröfu til þess, að kyrrsett verði svo mikið af eignum gerðarþola, að nægi til tryggingar greiðslu á kröfu gerðarbeiðanda um ráðskonukaup að upphæð kr. 2.553.730 auk vaxta frá 15. ágúst 1970 til greiðsludags auk innheimtukostnaðar skv. lágmarkstaxta Lögmannafélags Íslands, alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Aðspurður kveðst gerðarþoli eigi tilbúinn að greiða framangreindar kröfur, en bendir á til löghalds bifreiðina JO 7287, sem er af tegundinni Range Rover, árgerð 1976.

Fúgeti ákveður löghald í framangreindri bifreið og skýrir þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola.